

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Akureyri, 2. mars 2021
UST202101-386/Í.M.J.
08.05.00

Efni: Tilraunaföngun og förgun á koltvísýringi og brennisteinsvetni frá Nesjavallavirkjun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 15. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um það hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Carbfix ohf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) áformar að reisa tilraunalofthreinsistöð með niðurdælingu við Nesjavallavirkjun sem mun fanga koltvísýring og brennisteinsvetni úr útblæstri virkjunarinnar og binda í jarðlög undir virkjanasvæðinu. Tilraunastöðin verður í einni 40 feta gámaeiningu á lóð virkjunarinnar auk þess sem lögð verður 2.200 metra löng lögn fyrir þéttivatn sem verður að mestu niðurgrafin að borholu og lögn niður á 950 metra dýpi í borholunni. Jarðhitagas verður leitt í gegnum þvottaturn, þar sem gösin verða leyst upp í vatni, og þéttivatninu dælt 950 metra niður borholuna þar sem uppleystu gösin mynda stöðug steinefni undir þrýstingi. Reiknað er með að lofthreinsistöðin muni binda um 500 tonn af brennisteinsvetni og 1000 tonn af koltvísýringi á ári og kemur fram að tilraunin muni standa í 1-2 ár.

Umhverfisstofnun vísar til umsagnar sem stofnunin veitti um matsskyldu sömu framkvæmdar dags. 15. desember sl. þar sem mat stofnunarinnar var að framkvæmdin væri háð mati á umhverfisáhrifum þar sem óljóst væri hvort um tímabundna eða varanlega framkvæmd væri að ræða og ekki væri næg umfjöllun um rannsóknargildi tilraunarinnar.

Umhverfisstofnun vísar í umfjöllun fyrri umsagnar um mat stofnunarinnar á áhrifum framkvæmdar á umhverfið. Stofnunin gerir ekki athugasemd við umfjöllun tilkynningarskýrslu um áhrif framkvæmdar á umhverfi.

Fram kemur í tilkynningarskýrslu að rekstraraðili áformi að senda formlegt erindi til Umhverfisstofnunar með ósk um mat á því hvort framkvæmdin falli undir 2. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfisstofnun ítrekar það sem fram hefur komið í fyrri umsögn að það er mat stofnunarinnar að niðurdæling á koltvísýringi til steinrenningar falli undir skilgreiningu á geymslu koltvísýrings í jarðlögum og sé því óheimil nema í rannsóknar- þróunar- eða

prófunarskyni þar sem ætlunin er að geyma minna en samtals 100 kílótonn koltvísýrings, skv. 32. gr. a. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál.

Umhverfisstofnun telur umfjöllun tilkynningarskýrslu um nýnæmi og rannsóknargildi tilraunarinnar fullnægjandi. Stofnunin bendir rekstraraðila á að ef ætlunin er að koma upp varanlegri föngun og förgun á koltvísýringi og brennisteinsvetni við Nesjavallavirkjun þarf að hefja ferli mats á umhverfisáhrifum tímanlega þar sem niðurstaða matsins er lögð til grundvallar við gerð starfsleyfis.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst

Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur

Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur